

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs og hækkun á hámarksgreiðslu), 261. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 21. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof.

Ljóst er að góð umönnun og sterk tengslamyndun við aðalumönnunaraðila barns fyrstu mánuðina í lífi þess skiptir sköpum fyrir þroska þess, sjálfsmynd og samskipti á seinni árum. Umboðsmaður barna telur því brýnt að lengja fæðingarorlof þannig að ungbörn geti notið umönnunar foreldra sinna sem lengst. Fagnar hann því tillögum um lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði. Sömuleiðis telur hann mikilvægt að hækka hámarksfjárhæðir fæðingarorlofsgreiðslna, en það kemur vonandi til með að stuðla að því að ungbörn fái í auknu mæli að njóta umönnunar beggja foreldra sinna.

Ofangreint frumvarp gerir ráð fyrir því að sjálfstæður réttur hvers foreldris fyrir sig til töku fæðingarorlofs lengist, en að sameiginlegur réttur foreldra styttest. Umboðsmaður barna telur vissulega mikilvægt að hvetja báða foreldra til að taka virkan þátt í uppeldi og umönnun barna sinna frá fæðingu. Aðgerðir til þess að stuðla að jafnrétti milli foreldra mega þó ekki vera á kostnað velferðar barna. Má í því sambandi benda á að þegar hagsmunir fullorðinna og barna vegast á eiga hagsmunir barna að vega þyngra, sbr. m.a. 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Umboðsmaður barna telur því brýnt að velferðarnefnd skoði með hvaða hætti sé hægt að tryggja að öll börn fái sama tækifæri til þess að njóta samveru með foreldrum sínum fyrstu mánuði ævi sinnar og að börnum sé ekki mismunað eftir því hvort þau eiga eitt foreldri eða tvo foreldra sem taka virkan þátt í umönnun þeirra.

Umboðsmaður barna sendi bréf til félags- og húsnæðismálaráðherra 21. maí 2015 þar sem skorað er á ráðherra að beita sér fyrir því að lög um fæðingar- og foreldraorlof verði endurskoðuð, þannig að börnum verði ekki mismunað með ómálefnalegum hætti eftir stöðu foreldra þeirra. Umboðsmaður barna hvetur velferðarnefnd til þess að kynna sér efni meðfylgjandi bréfs.

Virðingarfyllst,
Margrét María Sigurðardóttir,
umboðsmaður barna